



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Starfsáætlun - Sunnuás 2026-2027



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

<b>1. Greinagerð leikskólastjóra .....</b>	<b>3</b>
<b>2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....</b>	<b>7</b>
2.1 Innra mat .....	7
2.2 Ytra mat .....	10
<b>3. Umbótaáætlun leikskólans.....</b>	<b>11</b>
<b>4. Starfsþróunarsamtöl.....</b>	<b>14</b>
<b>5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans .....</b>	<b>14</b>
<b>6. samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....</b>	<b>15</b>
<b>7. Foreldrasamstarf .....</b>	<b>16</b>
<b>8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....</b>	<b>17</b>
<b>9. Þróunarverkefni .....</b>	<b>18</b>
<b>10. Verkefnastjórar .....</b>	<b>19</b>
<b>11. Fylgiskjöl .....</b>	<b>20</b>
11.1 Innra mat Múmíndals 2025-2026.....	20
11.2 Innra mat Undralands 2025-2026 .....	21
11.3 Innra mat Hálsaskógar 2025-2026.....	22
11.4 Innra mat Sjónarshóls 2025-2026 .....	22
11.5 Innra mat Kattholts 2025-2026 .....	23
11.6 Innra mat Kardemommubæjar 2025-2026 .....	23
11.7 Umbótaáætlun yngri og eldri deilda 2026-2027 .....	24
11.8 Umsögn foreldraráðs.....	27






## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn var opnaður aftur eftir sumarfrí þann 6. ágúst og komu flest börn og starfsmenn aftur til starfa á þeim tíma. Fjöldi barna skólaárið 2025-2026 var í kringum 111 börn og starfsmannafjöldinn að meðaltali í kringum 40 þar sem þó nokkuð margir voru í hlutastarfi vegna náms. Einnig vorum við með stóran hóp starfsmanna í sérkennslu þennan veturinn sem gerði það að verkum að mikil breidd var í starfsmannahópnum. Haustið fór því vel á stað og bættist bara tveir starfsmenn við hópinn sem er skemmtilega samansettur.

Í leikskólanum síðasta vetur voru 15 starfsmenn skólans í kennaranámi frá HÍ og vegna mikils metnaðar og ríkulegs lærdómssamfélags hér í Sunnuás verða 12 starfsmenn í kennaranámi næsta vetur sem ég tel einstakt afrek í rekstri leikskóla. Nemunum fækkar á milli ára að sinni þar sem nokkrir eru að útskrifast sem kennara þetta sumarið og óskum við þeim til hamingju með árangurinn. Mikil fagþekking er í hópnum sem eykst frá ári til árs og sjá hér fyrir neðan dreifingu menntunar innan leikskólans.

### Starfsfólk Sunnuáss og menntun þess 2025–2026



Leikskólastjóri tók þá ákvörðun um að auglýsa stöðu aðstoðarleikskólastjóra nú á vormánuðum og sóttu 9 manns um stöðuna og vonandi kemur fljótlega í ljós hver verður ráðin í starfið. Í stöðuna verður ráðið fyrir haustið og tekur nýr aðst. leikskólastjóri til starfa 1. september og mikil tilhlökkun er í húsinu fyrir honum.

Í vetur var starfandi verkefnastjóri tónlistar og tengiliður fjölmenningar sem eru mikilvægur stuðningur við fagteymi skólans. Í fagteymi skólans sitja leikskólastjóri, sérkennslustjórar, deildarstjórar, verkefnastjóri og tengiliður fjölmenningar. Á Sunnuási starfar því þéttur og faglegur hópur fólks með skýra framtíðarsýn sem endurspeglast í metnaðarfullu starfi skólans.

Þrír starfsmenn leikskólans voru á síðasta ári sínu í kennaranáminu og náðu vel að endurspegla lokaverkefni sín í starfinu hér í Sunnuás. Kynningar á lokaverkefnum meistaranemanna fóru fram í Háskóla Íslands. Mikil vítamínsprauta fyrir Sunnuás að eiga metnaðarfulla starfsmenn sem eru duglegir að efla fagvitund sína og starfsvettvang. Við fengum að njóta góðs af verkefnum þeirra og taka virkan þátt í þeim. Rík áhersla í vetur var að nýta tónlist í málörvun, gleði og framsögn þar sem Gummi var í farabroddi. Síðan var það Sólveig María sem stóð fyrir fræðslu á uppeldisfræðilegum skráningum og nýtti hæfileika sína til að efla starfsfólk skólans í skráningum. Jón, með snilld sinni og





áhuga, lagði markvissa vinnu í málörvun og læsi í fjölbreyttum barnahóp. Þau leyfðu börnum og starfsfólki skólans að nýta góðs af sérþekkingu sinni og að fylgja þeim eftir í námsleit sinni á lokaárinu sínu undir handleiðslu Auðar Jónu deildarstjóra Kardimommubæ.

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hófst formlega á skólaárinu 2025–2026 með það að markmiði að verða Réttindaskóli UNICEF. Frá upphafi hefur verið unnið markvisst að því að samþætta réttindi barna inn í daglegt starf leikskólans með virkri þátttöku starfsfólks, barna og foreldra. Börn tóku þátt í stöðumati og barnþingi þar sem þau fengu tækifæri til að tjá skoðanir sínar á leikskólastarfinu og koma með hugmyndir að breytingum. Einnig var framkvæmd öryggiskönnun meðal foreldra og barna til að fá betri innsýn í líðan og upplifun barnanna í leikskólanum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að efla rödd barna, lýðræðislega þátttöku og skapa umhverfi þar sem börn upplifa öryggi, virðingu og að skoðanir þeirra skipti máli. Innleiðingarferlinu lýkur svo formlega með afhendingu viðurkenningu til réttindaskóla þann 16. Júní 2026.

Leikskólinn er í innleiðingarferli á Reggio Emilia hugmyndafræðinni, sem á uppruna sinn í samnefndri borg á Ítalíu, en hún byggir á þeirri sýn að börn séu hæfir, skapandi og forvitnir einstaklingar sem læra í gegnum eigin hvöt, rannsóknir, samskipti og upplifun. Með þessari nálgun er lögð áhersla á lýðræði, virðingu fyrir sjónarmiðum barna og mikilvægi samvinnu milli barna, foreldra og starfsfólks. Kennarinn er ekki aðeins leiðbeinandi heldur einnig rannsakandi sem hlustar á hugmyndir barna og þróar verkefni út frá áhuga þeirra og spurningum. Eitt af lykilhugtökum Reggio Emilia eru „hundrað tungumál barna“, sem vísar til þess að börn tjá sig og læra á fjölbreyttan hátt, til dæmis í gegnum leik, hreyfingu, myndlist, tónlist, byggingar, samtöl og sköpun. Því er mikilvægt að námsumhverfið bjóði upp á fjölbreyttan og aðgengilegan efnivið sem hvetur börn til rannsókna og sköpunar.

Síðasta vetur vorum við með sex skipulagsdaga sem við nýttum okkur vel. Þeir voru oftast full setnir af námskeiðum, teymisvinnu, deildarfundum, kynningum og samvinnu samráðshópa skólans. Eins og áður eru þrír starfsdagar í samvinnu við aðra leikskóla og grunnskóla í hverfinu en hinir þrír voru settir niður út frá hentugum dagsetningum.

Við byrjuðum haustið á að fara á starfsdegi á Selfoss og Hveragerði til að skoða leikskóla þar sem okkur langaði að skoða móttöku nýliða, sérkennsluáætlun þeirra og skoða fagumhverfi í minna sveitafélagi. Báðir leikskólarnir eru reknir í fremur nýjum byggingum og er mikið lagt upp úr útisvæði leikskólanna. Flott og markvisst útinám á sér stað í báðum skólunum en upp sett á ólíkann hátt sem okkur þótti merkilegur samanburður. Eftir heimsóknirnar fór starfsfólk upp í sumarbústað leikskólastjóra þar sem var grillað og haft gaman.

Við buðum upp á fjölbreytta dagskrá á starfsdögum og fengum fyrirlestur frá Kristínu Hildi Ólafsdóttur *Verkefnastjóri sköpunar og skapandi kennsluhátta* um hvað liggur á bak við hugmyndafræði Reggio Emilia og hvernig er litið til hæfileika og getu barna út frá þeim gleraugum. Hún hélt fyrirlesturinn fyrir nokkra skóla saman sem unnu saman eftir fyrirlesturinn í þverfaglegum hópum um mikilvægi hans og þann lærdóm sem starfsfólk upplifði. Skemmtileg byrjun á innleiðingu og kynningu fyrir allt starfsfólk leikskólans.






Einnig fengum við Jóel Sæmundsson til að koma með fyrirlestur og grín fyrir starfsfólk. Hann er leikari og kom með fyrirlestur um hvernig fyrirlestrar eiga ekki að vera og hvernig fyrirlesarar geta klúðrað góðum fyrirlestrum.

Sísi og Sóley komu til okkar hálfan dag á starfsdegi eftir áramót og fóru yfir góð samskipti, umhyggju og umburðarlyndi ásamt því að hver og einn þarf að bera ábyrgð á eigin líðan og hvernig hann mætir til vinnu. Mikil ánægja með fyrirlesturinn þeirra og talaði til margra.

Dagur leikskólans var haldinn 6. Febrúar og var starfsmönnum boðið á fyrirlestur í Háskólabíó þar sem yfirskriftin var: Leikur og samskipti - Hjartað í námi barna. Allt starfsfólk Sunnuás mætti fyrir hádegi á skemmtilega fyrirlestra og eftir hádegi vorum við með opið hús fyrir samstarfsskólanna í innleiðingarferli Reggio Emilia þar sem allir skólarnir voru með opnar smiðjur öllu starfsfólki til skoðunar. Leikskólarnir voru með opnar stöðvar í sínum skóla og kynnti starfsfólk sinn skóla fyrir öðru starfsfólki.

ERASMUS styrkir voru veittir í vetur hér í Sunnuás . Við fengum tvær styrktar veitingar þetta skólaárið. Sú fyrri var í september þar sem tveir sérkennslustjórar og tveir deildarstjórar fóru Tenerife á námskeið um eineltisforvarnir, tilfinningagreind, samskipti og hvernig á að leysa ágreininga. Hinn hópurinn fór til Mílanó núna í vor og voru það fjórir karlmenn sem vinna hér sem fengu að fara að þessu sinni. Þeir fóru í leikskóla þar sem þeir voru í starfskynningu „Job shadowing“ sem veitti þeim tækifæri til að spegla sig í kennurum þar og fá innsýn inn í kennslu og starfsaðstæður kennara. Þar fengu tækifæri til að spegla sig í öðrum menningarheimi þar sem liggja fyrir sömu markmið með starfi kennara sem er að kenna börnum á sama aldri.

Fjölbreyttur nemendahópur er í leikskólanum og fögnum við fjölbreytileika hans. Í leikskólanum er starfandi verkefnastjóri barna með annan tungumála og menningar bakgrunn en íslenskan sem kallast ÍSAT kennari. Hann sér um að meta málnotkun og tungumálakunnáttu barna í góðri samvinnu við foreldra þeirra. Þar fá börnin tækifæri til efla sig í minni hóp en er inn á deildum. Góð eftirfylgni er með hópnum (sjá mynd).





Á skólaárinu nutu fimm börn sérkennslu með fjármagni í mismikilli prósentu, auk eins barns sem fékk stuðning starfsmanns þrátt fyrir synjun á fjármagnsbeiðni vegna þarfa sinna. Vel tókst að manna allar stöður innan sérkennslunnar og samstarf við deildir og innan sérkennsluteymisins gekk mjög vel. Við sérkennsluna störfuðu tveir sérkennslustjórar og sex stuðningsfulltrúar í mismiklu starfshlutfalli. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og reglulegt samstarf sérkennslustjóra og deildarstjóra um stöðu barna og viðeigandi stuðning. Samstarf við Norðurmiðstöð gekk vel. Lausnarteymi leikskólans, undir stjórn sérkennslustjóra, fundaði reglulega og naut ráðgjafar sérfræðinga miðstöðvarinnar eftir þörfum.

Notuð eru matstæki á borð við TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og EFI-II til að fylgjast með stöðu og framförum barna. Öll börn sem njóta sérkennslu eru með einstaklingsáætlun sem er endurskoðuð reglulega. Teymisfundir með foreldrum voru haldnir tvisvar á önn og ríkti almenn ánægja með þjónustuna. Reglulegir fundir sérkennsluteymisins náðust ekki alltaf vegna mikillar fjarveru starfsfólks, en stefnt er að því að efla þá vinnu á næsta skólaári.

Mjög virk skemmtinefnd er að störfum hér á Sunnuási. Hlutverk skemmtinefndar er að meðlimir koma saman og skipuleggja skemmtanir fyrir starfsmannafélagið til að efla brag og vellíðan. Meðlimir panta inn mat t.d. fyrir jólagleðina, bóka skemmtanir, skreyta fyrir viðburði, ganga frá eftir viðburði og passa að allir skemmti sér á viðburðum. Reynt hefur verið að halda reglulega fundi og eru þeir fleiri í kring um stærri viðburði eins og jólagleðina, óvissuferðina og sumargleðina. Fjármögnunin kemur frá dósasjóði, sjoppu, jólakortum og pylsusölu. Nefndin reynir af bestu getu að skipuleggja viðburði þar sem starfsmenn þurfa ekki að borga neitt til þess að taka þátt og ef það þarf að borga sig inn á viðburð þá er reynt að hafa verðið viðráðanlegt svo sem flestir taki þátt. Þetta hefur styrkt starfsandann innan leikskólans og gaman að sjá hversu margir taka þátt. Svo er alltaf óvissuferð, fleiri bíókvöld, spilakvöld og jólagleði á planinu sem skemmtinefndin á eftir að skipuleggja og festa niður dagsetningar fyrir. Við erum dugleg að fylgjast með skemmtilegum tækifærum af einhverju til að gera með starfsfólkinu okkar eins og að fara á uppistand eða horfa á upptökur á þáttum sem okkur hefur verið boðið á. Við höfum einnig stundum fengið gjafir frá foreldrum sem við höfum getað nýtt okkur í skemmtun eins og gjafabréf í skemmtigarðinn, Oche og fleira.

Önnur fræðsla til starfsfólks fór m.a. fram í gegnum Torgið sem er fræðsluvettvangur Reykjavíkurborgar. Við sendum starfsmann á fagnámskeið hjá Mími og ásamt íslensku námskeið fyrir starfsmenn með annað tungumál en íslensku sem voru sjö talsins.

Starfsárið hefur gengið mjög vel sem gefur okkur kröftugan meðbyr inn í næsta starfsár. Við búum yfir einstöku starfsfólki hér á Sunnuási sem með elju og dugnaði hefur mótað starf sem eftir er tekið. Starfsánægja er góð og börnum og foreldrum virðist líða vel sem er á endanum alltaf okkar megin markmið og tilgangur.





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

### 2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Móttaka nýrra barna og foreldra (aðlögun)
Hvernig fór matið fram?	Rafræn spurningakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar/Forsjáraðilar barna sem hafa ný lokið aðlögun
Helstu niðurstöður mats	<p>Send var út rafræn spurningakönnun á foreldra þeirra barna sem luku aðlögun að hverju sinni. Þar sem sóst var eftir því að fá upplýsingar um upplifun foreldra/forsjáraðila og barnanna af aðlögunartímanum. Niðurstöðurnar hafa yfir skólaárið verið að sýna að foreldrar/forsjáraðilar eru almennt mjög ánægðir með móttöku, upplýsingagjöf og stuðning í ferlinu sjálfu. Flestir upplifðu að þeim sjálfum og börnunum þeirra hafi liðið vel eða mjög vel á meðan að aðlögunartímanum stóð og sérstaklega var hrósað fyrir hlýlegt og faglegt viðmót starfsfólks.</p> <p>Í opnum svörum kom fram að starfsfólk væri frábært og að aðlögunin hafði á heildina litið verið til fyrirmyndar. Einnig komu fram gagnlegar ábendingar um það sem mætti bæta meðal annars skýrari upplýsingar í upphafi um starfsfólk deildar og stjórnendur, hagnýta upplýsingar um dagleg starf. Heildar niðurstöður benda til þess að aðlögunarferlið gangi mjög vel en jafnframt að tækifæri séu til að efla upplýsingaflæði og undirbúning foreldra enn frekar.</p>

Hvað var metið?	Innleiðing nýrra stefna
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun meðal starfsmanna – 5 punkta likert skali og opnar spurningar.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk Sunnáss.
Helstu niðurstöður mats	<p>Alls bárust 18 svör og margt gagnlegt kom fram sem nýtist til áframhaldandi þróunar starfsins. Helstu niðurstöður sýna að starfsfólk er almennt ánægt með ferlið og eftirfylgni. Á punkta likert skala fékk <i>Skýrleiki og sýn</i> 4,3, <i>Færni og sjálfstraust</i> 4,3, <i>Álag og jafnvægi</i> 3,6, <i>Stuðningur stjórnenda</i> 4,4 og <i>Líðan og starfsandi</i> 4,3.</p> <p>Niðurstöður benda til þess að bæta megi sérstaklega þætti sem tengjast álagi og jafnvægi. Þrátt fyrir</p>





	<p>krefjandi breytingar síðustu ár, þar á meðal tvo flutning leikskólans á 4 árum sýnir starfsfólkið mikla seiglu. Þetta endurspeglast einnig í niðurstöðum stofnunar ársins hjá Sameyki.</p> <p>Svör við opnum spurningum sýna að starfsfólk er almennt jákvætt gagnvart breytingum sem eru í gangi þá sérstaklega aukinni áherslu á barnamiðaðstarf, innleiðingu Barnasáttmálans og Reggio Emilia. Margir telja sig skilja markmiðin vel og sjá hvernig þau nýtast í starfi með börnum. Einnig kemur fram að starfsfólk búi yfir fjölbreyttum styrkleikum meðal annars í samskiptum, málörvun, leik, tónlist og teymisvinnu.</p> <p>Á sama tíma er kallað eftir meiri skýrleika, betri upplýsingagjöf og meiri tíma til þess að tileinka sér nýjar áherslur. Sérstaklega er óskað eftir frekari fræðslu í uppeldisfræðilegum skráningum, tákni með tali (TMT) og í að takast á við krefjandi hegðun barna. Umfang breytinga á skömmum tíma hefur einnig valdið álagi hjá sumum.</p> <p>Það sem styður helst við líðan í ferlinu er góður undirbúningstími, skýrt verklag, regluleg upprifjun og gott samstarf. Stuðningur stjórnenda er almennt metinn góður, þó óskað sé eftir meiri sýnileika, skýrari upplýsingum og reglulegri endurgjöf.</p> <p>Í heildina liður starfsfólki vel og margir eru spenntir fyrir breytingum. Starfsánægja tengist einkum góðum starfsanda, góðum samskiptum og ánægju af starfi með börnum. Helstu tillögur að úrbótum snúa að meiri tíma til innleiðingar, betra upplýsingaflæði og auknu samræmi innan hópsins.</p>
--	---

Hvað var matið?	Faglegt starf samkvæmt fyrri umbótaáætlun
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram með tveimur hætti: annars vegar með viðtölum við deildarstarfsfólk á deildarfundum allra deilda og hins vegar með skilum á eftirfylgniskjölum deilda. Eftirfylgniskjölin voru unnin á deildarfundum og skilað til stjórnenda.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk Sunnáss.
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður matsins sýna að hluti eftirfyllninnar fór fram í samtali við starfsfólk á deildarfundum í febrúar 2026 og að sambærilegar niðurstöður komu fram úr





	<p>rafrænni könnun. Almennt kemur fram ánægja með samstarfshópana og starfsfólk telur sig fá mikið út úr þátttöku í þeim. Viðtöl og rýni sýna þó að skerpa þarf á skipulagi og dagskrá þeirra, meðal annars með því að kalla starfsfólk fyrr saman og tryggja skýrari undirbúning.</p> <p>Eftirfylgniskjöl deilda hafa verið nýtt sem hluti af stöðuskýrslu og sem grunnur að mati á framvindu starfsáætlunar. Misjafnt hefur verið hversu markvisst deildir hafa skilað stöðuskýrslum, og því þarf að festa betur í sessi regluleg skil og ábyrgð á eftirfylgni. Lagt er til að næsta eftirfylgni fari fram með öðrum hætti og þá sem rafræn könnun til alls starfsfólks annan hvern mánuð.</p> <p>Helstu svör benda til þess að deildarstarfið taki mið af starfsáætlun, að starfsfólk hafi skýr verkefni tengd starfsáætlun og að regluleg tækifæri séu til að rýna starfshætti. Starfsfólk nefndi jafnframt hagnýt atriði sem þarf að bæta, svo sem skort á ákveðnum efniviði, ósk um hvítan pappír, lubbabók og einfaldan búnað fyrir leik. Einnig kom fram þörf á að halda áfram að styrkja samstarf milli deilda, auka sameiginlegan undirbúning og þróa faglegt starf áfram.</p> <p>Í faglegu starfi komu fram tækifæri til þróunar, meðal annars að styrkja mættið í samverustundum, efla slökun og jóga með börnum, halda áfram innleiðingu Reggio Emilia og nýta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna markvissar í daglegu starfi. Starfið á deildum einkennist þó almennt af virku, ígrunduðu og lausnamiðuðu starfi þar sem áhugi barna, vellíðan og þátttaka eru höfð að leiðarljósi.</p>
--	---

Hvað var metið?	Samráðshópar innan skólans
Hvernig fór matið fram?	Eyðublað skilað til stjórnenda.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk Sunnáss.
Helstu niðurstöður mats	Endurmat fór einnig fram á samráðshópum á tímabilinu frá maí til júlí 2025. Það var bæði gert með því að fylla út þar til gert eyðublað en einnig í samtali við sérkennslustjóra. Á heildina litið nýttust samráðshóparnir vel en því miður voru þeir ekki nógu oft haldnir. Einnig vantaði upp á að Teams væri nýtt sem samskiptaform og til að vista gögn. Starfsfólki leyst





	<p>vel á að stofna Messenger spjallhópa til að halda utan um umræður þar sem sá miðill er meira notaður meðal starfsfólks. Niðurstöður úr rafrænni könnun benda þó til ánægju með hópana.</p>
--	---

## 2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsánægja og líðan/Stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum Gallup/Sameyki, Stofnun ársins hjá Reykjavíkurborg – 5 punkta líkert skali.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats	<p>Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2025 komu mjög vel út fyrir leikskólann. Heildarmat skólans var 4,49 og hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Niðurstöðurnar eru jafnframt yfir meðaltali leikskóla í Norðurmiðstöð sem mældist 4,25.</p> <p>Sterkustu þættirnir í könnuninni tengdust jafnrétti, öryggi og trausti til stjórnenda. Starfsfólk upplifir að fjölbreytileiki sé virtur á vinnustaðnum og að allir fái jöfn tækifæri til starfsþróunar. Einnig kom mjög skýrt fram að fólk telji sig geta leitað til næsta yfirmanns síns og að ánægja með öryggi á vinnustaðnum sé mjög góð.</p> <p>Aðrir þættir komu einnig afar vel út meðal annars stjórnun (4,69), ímynd leikskólans (4,67), sveigjanleiki í vinnu (4,65) og ánægja og stolt starfsfólks (4,67). Þeir þættir sem mældust lægstir tengdust launakjörum, hljóðvist og samskiptum milli samstarfsfólks, þó að niðurstöðurnar séu engu að síðu jákvæðar og yfir meðallagi á mörgum sviðum.</p> <p>Heildar niðurstöður sýna sterkan starfsanda, mikið traust innan vinnustaðarinnar og jákvæða upplifun starfsfólks af stjórnun, vinnuumhverfi og starfsmenningu leikskólans.</p>





Hvað var matið?	Faglegt starfsumhverfi, hlutverk og starfsþróun nýtast
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun á vegum Reykjavíkurborgar – Fagumhverfiskönnun SFS.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats	<p>Könnunin sýnir að starfsfólk upplifir sig almennt vel í stakk búið til að sinna félags- og tilfinningaþroska barna, styðja við jákvæð samskipti og vinna með fjölbreyttan barnahóp. Niðurstöður benda jafnframt til þess að starfsfólk telji sig fá góðan stuðning og leiðbeiningar í starfi og að sterk fagleg samvinna sé til staðar innan leikskólans. Sérstaklega koma fram styrkleikar í samskiptum við börn, þátttöku barna í starfinu og áherslu á lýðræðislega starfshætti.</p> <p>Könnunin bendir þó einnig á ákveðin tækifæri til þróunar, meðal annars varðandi nýtingu stafrænnar tækni, gervigreindar og áframhaldandi þróunar í samstarfi við foreldra af ólíkum menningar- og tungumálabakgrunni. Einnig kom fram áhugi starfsfólks á aukinni starfsþróun tengdri sérþörfum barna, sjálfsprottnum leik og leiðum til að efla lýðræði barna í leikskólastarfinu. Niðurstöðurnar verða nýttar til áframhaldandi þróunar skólastarfsins og markvissrar starfsþróunar á komandi skólaári.</p>

### 3. Umbótaáætlun leikskólans

Umbótaþáttur/matsþáttur	Innleiðing á Reggio Emilia hugmyndafræði
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla þekkingu og skilning starfsmanna á Reggio Emilia hugmyndafræðinni og styrkja innleiðingu hennar í daglegu starfi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Boðið verður upp á námskeið/vinnustofur fyrir starfsfólk. Farið verði í vettvangsheimsóknir í leikskóla sem vinna eftir Reggio Emilia hugmyndafræðinni innanlands og mögulega erlendis (hluti úr starfsmannahóp) með stuðningi Erasmus+ styrks. Umræður og ígrundun fari fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans og samráðshópur Reggio sem er samansettur af einum starfsmanni á hverri deild.





<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst við skóla byrjun ágúst 2026 og líkur með mati júní 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Mat framkvæmt með spurningakönnun meðal starfsfólks og foreldra tvisvar sinnum á skólaári, fyrst í desember 2026 og svo í maí 2027. Einnig verða viðtalshópar með börnunum í maí/júní 2027.
<b>Viðmið um árangur</b>	Meirihluti starfsfólks telur sig hafa aukið þekkingu og öryggi í notkun Reggio Emilia hugmyndafræðinnar og hún sé sýnilega í skipulagi náms og umhverfis barnanna. Að starfsfólk nýti þá fræðslu vel sem skólinn leggur upp með.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldisfræðilegar skráningar
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Að efla skilning starfsmanna á tilgangi uppeldisfræðilegra skráninga og styrkja gæði þeirra sem mats- og þróunartækis ásamt því að auka öryggi starfsmanna í að útbúa námsskráningar.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Samráðshópur (skráningar) með einum fulltrúa frá hverri deild heldur stóran fund vinnufund í upphafi annar þar sem settar verði fram raunveruleg dæmi um aðstæður sem hægt væri að gera skráningar um. Allir fá þá tækifæri til þess að æfa sig. Síðan reglulegir fundir allt skólaárið.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur og meðlimir í samráðshóp (skráningar).
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst september 2026 og líkur maí 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Mat á framkvæmd með því að rýna í námsskráningar í ferilmöppum í loka skólaárs og umræður um það á síðasta starfsdegi ársins. Spurningakönnun meðal starfsfólks í lok skólaárs.
<b>Viðmið um árangur</b>	Skráningar séu reglulegar, markvissar og endurspegli nám og þroska barnanna á öllum deildum leikskólans. Starfsfólk geti útsk ýrt tilgang þeirra.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Námsefni og námsumhverfi barna
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Að tryggja að námsefni og námsumhverfi styðji við áhuga, þátttöku og nám barna í anda skólanámskrár. Námsumhverfið og námsframboð endurspeglar í Reggio Emilia hugmyndafræðinni. Endurspeglar námsumhverfi og





	námsefni áhugahvöt barna? Er boðið upp á fjölbreytt og krefjandi umhverfi sem hvetur áhugahvöt barna?
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Regluleg rýni á námsefni og námsumhverfi á deildum. Notast við myndaskráningar og umræður starfsfólks. Skoðanir barna teknar með inn í matið með samtölum og athugunum í máli og myndum. Gerðar umbætur út frá niðurstöðu mats.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur í samstarfi við allt starfsfólk leikskólans.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst október 2026 og líkur júní 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Metið með rýnihóp um námsumhverfi barna og metið 1x í mánuði á fundi. Fundargerð notuð í matið þar sem einn kennari er frá hverri deild.
<b>Viðmið um árangur</b>	Námsefni og námsumhverfi endurspegli þarfir og áhuga barna, styðji við sjálfstæði þeirra og rannsóknarnám. Umbætur séu sýnilegar í skipulagi og framkvæmd starfsins.

<b>Umbótapáttur/matspáttur</b>	<b>Tákn með Tali (TMT).</b>
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Að efla þekkingu starfsfólks á hugmyndafræðinni Tákn með Tali (TMT) og auka öryggi þeirra í notkun tákna í samskiptum við börn.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Námskeið og fræðsla um TMT. Starfsfólk kynnist fleiri táknum og æfi notkun þeirra í daglegu starfi. Regluleg umræða og miðlun reynslu á deildarfundum og starfsdögum.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjóri í samstarfi við allt starfsfólk leikskólans.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst september 2026 og líkur maí 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Spurningarkönnun lögð fyrir starfsfólk í upphafi skólaárs og í lok skólaárs þar sem niðurstöður eru bornar saman eftir vinnu skólaárins. Einnig er hvatt til umræðu á deildarfundum um reynslu og framkvæmd.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að minnsta kosti 80% starfsfólks telji sig öruggara í notkun TMT og notkun tákna sé sýnileg í daglegu starfi leikskólans.





#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl til júní og tók leikskólastjóri viðtöl við starfsfólk sem sinnir deildarstarfi og deildarstjóra en sérkennslustjóri tók viðtöl við sérkennslustarfsfólk. Viðtölin gegnu vel og er almenn ánægja starfsmann í leikskólanum. Starfsfólk fékk eyðublöð til útfyllingar og komu flestir vel undirbúnir í viðtölin. Viðtölin tóku frá 20 mínútum upp í klukkustund. Starfsfólk fékk tækifæri til að virða hugmyndir sínar, áhuga og framtíðarsýn. Flest starfsfólk leikskólans verður áfram á næsta starfsvetri nema tveir starfsmenn sem þurfa að fara í starfsnám í grunnskóla þar sem þær eru á fimmta námsári sínu í Háskóla Íslands. Mjög gleðilegt að fá tækifæri til að ná samtali við starfsfólk á hindrana og hraða leikskólastarfsins.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla og starfsþróun starfsfólks á skólaárinu 2026–2027 tekur mið af umbótaáætlun leikskólans, áherslum skólanámskrár, Menntastefnu Reykjavíkurborgar og þeim áherslum sem fram hafa komið í starfsþróunarsamtölum og samtali við starfsfólk. Markmiðið er að efla fagmennsku starfsfólks og styðja við áframhaldandi þróun leikskólastarfsins með áherslu á gæði náms, velferð barna og öflugt faglegt lærdómssamfélag.

Vorið 2026 var lögð fyrir starfsfólk könnun þar sem kallað var eftir hugmyndum að fræðslu og viðfangsefnum fyrir starfsdaga komandi skólaárs. Niðurstöður könnunarinnar sýndu skýran áhuga á fræðslu sem tengist gæðamiklum samverustundum, málörvun, læsi og samskiptum við börn. Einnig



kom fram áhugi á fræðslu um Tákni með tali, valdeflingu starfsfólks og leiðir til að efla jákvæðan starfsanda.

Á starfsárinu verður lögð sérstök áhersla á fræðslu um gæðamiklar samverustundir, hvernig skipuleggja megi innihaldsríkar og markvissar samverur sem styðja við þátttöku, málþroska og nám barna. Jafnframt verður unnið með gæðamálörvun í daglegu starfi, lestur bóka og aðferðir sem styðja við málþroska barna, meðal annars með hliðsjón af verkefninu *Orð eru ævintýri*. Allt starfsfólk mun jafnframt fá fræðslu í Táknum með tali með það að markmiði að efla tjáskipti, þátttöku og aðgengi allra barna að samskiptum og námi. Þá verður einnig boðið upp á hvetjandi fyrirlestur um jákvæðni, hugrekki og valdeflingu sem ætlað er að styrkja starfsfólk í starfi og efla vellíðan á vinnustaðnum.

Starfsdagar verða nýttir til sameiginlegrar fræðslu, ígrundunar og þróunarstarfs þar sem unnið verður markvisst með áherslur leikskólans, meðal annars Barnasáttmálann, Lýðræðislega þátttöku barna, uppeldisfræðilegar skráningar og þróun námsumhverfis í anda Reggio Emilia.

Leikskólinn leggur jafnframt áherslu á að skapa starfsfólki tækifæri til alþjóðlegrar samvinnu og símenntunar. Sótt hefur verið um þátttöku í Erasmus+ verkefni fyrir skólaárið 2026–2027 og beðið er niðurstöðu umsóknarinnar. Fáist styrkurinn verður hann nýttur til að senda hóp starfsmanna erlendis til náms og kynninga á leikskólastarfi, með það að markmiði að afla nýrrar þekkingar og efla faglegt starf leikskólans.

Auk þess mun hópur kennara sækja alþjóðlega ráðstefnu í Japan í október 2026 sem ber yfirskriftina *Self-Regulation, Self-Development and Gender Equality in Education*. Þátttaka í ráðstefnunni gefur starfsfólki tækifæri til að kynna sér nýjustu rannsóknir og þróun á sviði sjálfstjórnar, sjálfsþroska og jafnréttis í menntun og miðla þeirri þekkingu áfram til samstarfsfólks við heimkomu.

Jafnframt verður starfsfólki gefinn kostur á að sækja námskeið, ráðstefnur og aðra faglega viðburði eftir því sem tækifæri gefast og í samræmi við þarfir leikskólans og einstakra starfsmanna.

## 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn hefur átt í góðu samstarfi við Langholtsskóla, Frístundaheimilið Glaðheima og leikskóla hverfisins. Markmið samstarfsins er að skapa samfellu, öryggi og tengsl fyrir börn á síðasta ári í leikskóla þegar þau færast yfir í grunnskóla og frístund. Litið er á þáttaskilin sem ferli sem hefst að hausti og heldur áfram fram á vor, þar sem börn, foreldrar og starfsfólk fá tækifæri til að kynnast nýju skólasamfélagi í skýru og fyrirsjáanlegu ferli.

Samstarfið hefst strax að hausti og byggir á reglulegum og gagnkvæmum heimsóknum milli leikskóla, grunnskóla og frístundar. Á haustönn hittast elstu börn leikskólanna í hverfinu og nemendur í fyrsta bekk í Langholtsskóla, meðal annars í útiveru og á degi íslenskrar tungu þar sem hóparnir koma saman í hátíðarsal Langholtsskóla og syngja hver fyrir annan. Með þessum heimsóknum fá börnin tækifæri til að kynnast verðandi skólafélögum, kennurum og rýmum grunnskólans í jákvæðu og afslöppuðu samhengi.





Á vorönn bjóða leikskólar kennurum úr hverfaleikskólum ásamt kennurum í fyrsta bekk í Langholtsskóla í heimsókn. Leikskólar kynna starf leikskólans og starf deildarinnar ásamt skoðunarferð um leikskólann. Þessar heimsóknir gefa skýra innsýn inn í starf leikskólans, hjálpa leikskólum að fá hugmyndir og sjá hvað vel er gert. Kennarar fyrsta bekkjar fá einnig mikilvæga innsýn í starf leikskólanna og hvernig börnin eru undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína. Börn og kennarar fara í heimsókn í Langholtsskóla á vorönn og kynnast þar kennurum, skólastofunni og skólanum sjálfum. Einnig fara börnin í heimsókn í Frístundaheimilið Glaðheima.

Lögð er áhersla á að börnin fái að upplifa nýtt umhverfi oft en einu sinni, spyrja spurninga, mynda tengsl og byggja upp öryggi áður en grunnskólaganga hefst. Með heimsóknunum skapast einnig sameiginlegur skilningur milli skólastiga og betri forsendur til að mæta börnunum á einstaklingsmiðaðan hátt.

Árið 2025 hófst samstarf Langholtsskóla og Sunnuáss vegna útskriftarathafnar hjá leikskólanum. Húsnæði leikskólans býður ekki upp á pláss fyrir þann fjölda sem mætir á útskriftina en árið 2026 voru rúmlega 100 manns sem mættu á útskriftina hjá Kardemommubæ. Útskriftin fór fram í hátíðarsal Langholtsskóla og gekk vonum framár. Leikskólinn er mjög þakklátur fyrir frábært samstarf við Langholtsskóla.

Á vorönn eru haldnir skilafundir með kennurum og kennurum í stoðþjónustu allra þeirra skóla sem börnin fara í. Þá er búið að fylla út eyðublöð vegna skólaskila og skila til frístundaheimila. Upplýsingamiðlun fer fram í samráði við foreldra og með áherslu á að miðla nauðsynlegum upplýsingum sem styðja við velferð, öryggi og aðlögun barnsins. Börnin taka einnig þátt í ferlinu eftir því sem við á, meðal annars með því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í teikningu á skilablaðinu.

Elsti árgangurinn fer í fimm mismunandi grunnskóla og verða haldnir skilafundir með þeim öllum. Öll börnin fara í heimsókn í sína grunnskóla í svokallaðan „vorskóla“ þar sem foreldrar fylgja börnunum sínum í skólann. Þar kynnast börnin skólanum sínum, kennurum og fá kynningu á því sem fram undan er.

Á næsta skólaári verður unnið áfram eftir sömu samstarfsáætlun Sunnuáss, Langholtsskóla og frístundar, sem hefur hingað til gengið mjög vel.

## 7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar sinnum á ári, einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Í viðtölunum er rætt um líðan, framfarir og þættöku barnsins í starfinu. Til stendur að hafa foreldrasamtöl um miðjan nóvember 2026 og um miðjan apríl 2027 þar sem allir foreldrar fá tækifæri til þess að skrá sig í viðtal á tíma sem hentar þeim best.

Á komandi skólaári verður áfram lögð rík áhersla á að efla samstarf og tengsl milli heimilis og leikskóla. Markmið okkar er að skapa vettvang fyrir fræðslu, samræður og samvinnu um velferð og þroska barna. Í því skyni stendur til að bjóða foreldrum upp á fræðsluerindi eða námskeið um málefni





sem tengjast uppeldi og þroska barna. Meðal þeirra hugmynda sem komið hafa fram eru mikilvægi málörvunar, skjánotkun barna, hegðunar- og tilfinningavandi á leik- og grunnskólaaldri auk annarra málefna sem foreldrar kunna að hafa áhuga á. Til að tryggja að fræðslan taki mið af þörfum foreldra verður send út könnun þar sem kallað verður eftir sjónarmiðum þeirra um áherslur og viðfangsefni.

Á skólaárinu tók nýtt foreldraráð til starfa eftir að hluti fyrri fulltrúa lauk þátttöku sinni vegna útskriftar barna úr leikskólanum. Leikskólinn leitaði eftir áhugasömum foreldrum til setu í ráðinu og hafa tveir nýir fulltrúar tekið sæti. Foreldraráð gegnir mikilvægu hlutverki sem samráðsvettvangur milli foreldra og leikskóla og stuðlar að öflugum samstarfi um skólastarfið.

Foreldrafélag leikskólans var endurvakið fyrir skólaárið 2025–2026. Í kjölfarið komu saman áhugasamir foreldrar, kosið var í stjórn og félagið hóf reglulega fundi og skipulagningu viðburða. Starf félagsins hefur verið öflugt og fjölbreytt. Meðal verkefna á árinu voru leiksyning fyrir börnin í aðdraganda jóla piparkökumálun fyrir fjölskyldur leikskólans og gjöf til allra barna í formi jólabókar.

Á vormisseri stóð foreldrafélagið einnig fyrir bingói til fjáröflunar sem naut góðrar þátttöku. Ásamt því hefur foreldrafélagið í samstarfi leikskóla komið að skipulagningu sumaráttíðar þar sem boðið verður upp á fjölskylduskemmtun með hoppuköstulum og skemmtiatriði frá Sirkus Íslands. Einnig hefur foreldrafélagið stutt við útskriftarferð elsta árgangsins sem fór í dagsferð í Vatnaskóg. Starf foreldrafélagsins hefur þannig átt mikilvægan þátt í að efla samfélag leikskólans og skapa jákvæð tækifæri til samveru barna, foreldra og starfsfólks.

## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Búið er að setja niður sex skipulagsdaga fyrir skólaárið. Af þeim eru þrír sameiginlegir með grunnskólum í hverfinu. Skipulagsdagarnir eru vel nýttir til fræðslu og skipulags, stefnt er m.a. að því að fá skyndihjálpar námskeið, sameiginlegum starfsdegi/vinnustofum sem hluti af þróunarverkefni Reggio Emilia með þeim skólum sem eru með okkur í því. Ásamt því stendur til að fá fyrirlestur um jákvæðni, hugrekki og valdeflingu, fræðslu um málörvun með áherslu á Orð eru ævintýri og tákn með tali námskeið/fræðslu.

Skipulagsdagar skólaárið 2025-2026

- 25. september 2026 – Sameiginlegur starfsdagur með grunnskólum hverfisins
- 27. nóvember 2026 – Sameiginlegur starfsdagur með grunnskólum hverfisins
- 11. janúar 2027
- 5. febrúar 2027
- 27. apríl 2027 – Sameiginlegur starfsdagur með grunnskólum hverfisins
- 28. maí 2027





Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:  Sunnuás

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 F	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	Rúplögur	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 S	2 M	2 M	2 F
3 M	Misboqur verslunarmán	3 L		3 Þ	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	Sumarlökun	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 S	4 Þ	4 F	Umhverfisdagur
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 Þ	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	Opnun eftir sumarfrí	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	Bretlændi/brenna	6 Þ	6 F	Uppstigningardagur	Símannadagurinn
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	Dagur íslenskskólans	7 S	7 M	7 M	7 M
8 L	8 Þ	Dagur lassis	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	Opð milli deilda	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 S	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L		10 Þ	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	Skólastíð grunnskóla
11 Þ	11 F	11 S	Faðingardagur forseta Íslands (KFI)	11 M	11 F	11 M	Starfsdagur	11 F	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M		12 Þ	12 S	12 F		12 F	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ		13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 S	13 M
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 S	14 M	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	Opð milli deilda	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	Dagur íslenskrar náttúlu	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 S	16 F
17 M	17 F	17 L	17 M	17 Þ	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 Þ	18 S	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	Konudagur - upphaf Góu	21 S	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 S	22 M	Böndagafrí - upphaf þrona	22 M	22 F	22 L	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 Þ	23 S	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 M	24 Þ	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 L
25 Þ	25 F	25 L	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 M	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	Opð milli deilda	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 F	27 L	27 L	27 Þ	27 M	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 Þ	30 S	30 M	30 L	30 Þ	30 M	30 F	30 F
31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 Þ	31 S	31 S	31 M	31 M	31 L	31 L

Í reglum um leikskólalögnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólaglög lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrís og skráningardagur eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræis við fjölskyldur í Reykjavík.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins:	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Innleiðing Reggio Emilia	Austurborg, Árborg, Bjartahlíð, Klettaborg og Sunnuás	Kennarasamband Íslands

Innleiðing á hugmyndafræði Reggio Emilia í leikskólum hefur verið í þróun frá haustinu 2025 og hefur samstarf leikskólanna eflst jafnt og þétt í gegnum sameiginlega fundi, heimsóknir og faglega umræðu. Upphaflega hófu fjórir leikskólar samtalið um samstarf og sameiginlega vegferð í átt að innleiðingu hugmyndafræðinnar. Með vorinu breyttist hópinn vegna óviðráðanlegra ástæðna og eru þetta nú leikskólarnir Austurborg, Árborg, Bjartahlíð, Klettaborg og Sunnuás sem taka þátt í þessari sameiginlegu innleiðingavinnu sem verður gaman að fylgjast með.

Áhersla fyrsta starfsársins hefur einkum verið lögð á að skoða umhverfi leikskólans út frá sjónarhorni barnsins. Í anda Reggio Emilia er litið á umhverfið sem „þriðja kennarann“, þar sem skipulag rýmis, efniviður og fagurfræði hafa áhrif á nám, samskipti og sköpun barna. Starfsfólk leikskólanna hefur heimsótt hvert annað reglulega til að skoða námsumhverfi, ræða uppsetningu rýma og deila hugmyndum um hvernig megi skapa aðstæður sem styðja við forvitni, sjálfstæði og þátttöku barna í





eigin námi. Á starfsdegi leikskólanna var sérstaklega farið á milli leikskóla til að fylgjast með því sem aðrir voru að þróa og hvernig mismunandi skólar nálguðust innleiðinguna á sínum forsendum. Slíkar heimsóknir hafa reynst mikilvægur þáttur í faglegu námi starfsfólks og skapað vettvang fyrir samvinnu, ígrundun og miðlun reynslu.

Næsta skref í innleiðingarferlinu verður að beina sjónum enn frekar að námsefni barna og því hvaða viðfangsefni og efniviður er í boði í leikskólunum.

Markmiðið verður að skoða hvernig hægt sé að þróa námssamfélag þar sem áhugi barna fær að leiða verkefni og þar sem efniviður styður við rannsóknir, uppgötvun og skapandi hugsun. Með áframhaldandi samstarfi leikskólanna skapast dýrmætur vettvangur fyrir sameiginlegt faglegt nám sem styrkir bæði starfsfólk og börn í daglegu starfi. Ákveðið hefur að hafa sameiginlegan starfsdag í kringum Dag leikskólans og varð 5. febrúar fyrir valinu þar sem boðið verður upp á fræðslu fyrir starfsfólk til að styrkja fagvitund þeirra á hugmyndafræði Reggio Emilia og spegla sig í því lærdómssamfélagi sem við teljum okkur vera að búa til í kringum þetta samstarf.



## 10. Verkefnastjórar

### 10.1 Verkefnastjóri tónlistar

Vinna verkefnisstjóra tónlistar gekk mjög vel á árinu. Verkefnisstjóri starfaði að mestu á tveimur elstu deildum skólans, með einhverjum heimsóknum á aðrar deildir, auk vikulegra söngstunda þar sem allar deildir tóku þátt.

Á haustönn var farið í víðtæka vinnu með Barnasáttmála UNICEF á tveimur elstu deildum skólans. Þar var beitt bæði tónlist og lagatextum sem og öðrum verkefnum á borð við Blæ, samræðulestur og leiklist til að skapa umræður og námsumhverfi sem ýtti undir skilning á réttindum barna. Vinnan gekk vel fyrir sig og voru börnin mjög ánægð með hana.

Á vorönn var unnið með ýmis önnur verkefni. Skoðuð voru lög sem fjölluðu um vorið og náttúruna ásamt verkefnum á borð við Dýrasinfóníuna eftir Dan Brown. Einnig stofnaði verkefnisstjóri samráðshóp fyrir starfsfólk leikskólans sem hefur áhuga á tónlist með það að markmiði að efla lærdómssamfélagið innan skólans.

Þá ber einnig að nefna að verkefnisstjóri tónlistar kom fram á ráðstefnu á degi leikskólans og kynnti það starf sem fram hefur farið á Sunnuási hingað til.





## 10.2 Verkefnastjóri fjölmennningar

Starfið gekk mjög vel á skólaárinu. Verkefnastjóri þurfti þó í þrígang að leysa af inni á deild í um viku í senn, sem hafði tímabundin áhrif á skipulag málörvunarstundanna. Að öðru leyti var lítið um afleysingar og því náðist góð samfella í starfinu.

Góður árangur hefur náðst bæði við gerð hæfniramma fjöltyngis og í HLJÓM-2, þar sem framfarir barna voru greinilegar. Alls var unnið með 43 börn, þar af 15 með íslensku sem móðurmál og 28 börn úr fjöltyngdum fjölskyldum.

Á Undralandi voru níu börn í málörvun vikulega. Þar var unnið með orðaforða sem nýtist í daglegu lífi og með hljóðamyndun hjá tveimur börnum sem voru lítið farin að tala. Notaðar voru aðferðir eins og samræðulestur, myndir, endurtekningar, hermileikir og markviss hljóðavinna.

Á Hálsaskógi og Sjónarhól var unnið með þrettán börn. Þar var lögð áhersla á orðaforða tengdan þeim deildarinnar, tilfinningum og daglegum samskiptum, auk verkefna sem eflu málvitund, svo sem rím, samsett orð og samstöfur.

Á Kattholti og Kardemommubæ voru samtals 21 barn í litlum hópum vikulega auk þess að vinna með öll börn deildanna í hópastundum. Þar var markvisst unnið með málvitundarþætti eins og rím, samsett orð, orðhlutaeyðingu, samstöfur og margræð orð, auk orðaforða. Við nýttum meðal annars samræðulestur, spil og myndir til að skapa merkingarbært samhengi fyrir námið. Þar sem deildirnar vinna mikið með hljóðgreiningu og hljóðtengingu lagði ég meiri áherslu á aðra þætti málþroskans.

## 11. Fylgiskjöl

Hver deild tekur hér saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

### 11.1 Innra mat Múmíndals 2025-2026

#### Styrkleikar

Á skólaárinu 2025–2026 var unnið markvisst og skipulega að því að efla málþroska barna, með sérstakri áherslu á bókalestur. Unnið var með fjölbreyttar kennsluáferðir: beitt var könnunarleik, unnið með búninga, listasmiðju og hreyfingu, auk sameiginlegra söngstunda. Notuð voru leikföng með fjölbreyttum áferðum sem studdu við snertiskyn barna og ýttu undir skynjun þeirra. Námið einkenndist af fjölbreyttum viðfangsefnum, þar sem unnið var með mat, dýr, fatnað, mannlíkamann og fleira. Á hverjum föstudegi fóru fram sameiginlegar söngstundir fyrir yngri deildir í salnum. Unnið var í samræmi við Barnasáttmálann og skráning á námi og starfi var sinnt reglulega.

Aðlögun nýrra barna gekk vel og ferlið var farsælt í heild. Góð tengsl náðust við foreldra og börn, og aðlögun barnanna að umhverfi og daglegu starfi gekk vel. Barnahópurinn á deildinni er fjölbreyttur og skemmtilegur, og börnin taka virkan þátt í leikjum saman.





Samstarf á deildinni gekk mjög vel og samskipti starfsfólks voru skýr og skilvirk. Starfsfólk var skipulagt, stundvíst og bar gagnkvæmt traust til hvors annars. Heilt yfir ríkti mjög góður starfsandi á deildinni.

#### Tækifæri

Á Múmíndal verður lögð áhersla á umbætur í lestrarstundum, listsköpun og skynörvun skólaárið 2026–2027. Markmiðið er að efla málörvun með því að lesa stuttar sögur, að börnin læri að nota áhöld og fjölbreyttan efnivið í listsköpun og að þau kynnist mismunandi áferðum í gegnum skynjunarleiki. Til að ná þessum markmiðum verður hvert barn að minnsta kosti einu sinni í viku í listasmíðju og notað verður myndrænt efni til að styðja við skilning barnanna. Verkefni verða endurtekin reglulega til að styrkja færni og öryggi barnanna og fylgst verður með framvindu þeirra með reglulegum skráningum og athugunum. Í skynörvun verða meðal annars notaðir plastpokar með fjölbreyttum efnivið eins og hrísgrjónum, baunum og málningu sem börnin geta þreifað á eða gengið yfir.

### 11.2 Innra mat Undralands 2025-2026

#### Styrkleikar

Starf deildarinnar gekk vel og var í góðu samræmi við áherslur starfsáætlunar, þrátt fyrir breytingar í starfsmannahópi um haustið. Áhersla var lögð á fjölbreytt hópastarf, aukin gæði í námi og leik og markvissa vinnu með tengsl, skýr fyrirmæli og sjónrænan stuðning. Innleiðing könnunarleiks, könnunaraðferðar og vikulegra spjallhópa gekk vel og skapaði börnunum aukið rými til þátttöku, frumkvæðis og áhrifa á starfið. Jafnframt var lögð áhersla á skapandi starf með opnum og fjölbreyttum efniviði, auk þess sem börnin fengu meiri tíma og rými til ærslaleiks, sem fyrsta skref þeirra í samleik.

Útivera og útikennsla fengu aukið vægi með reglulegri útikennslu, aukinni útiveru og vel heppnuðum ferðum á Hvalasafnið. Hópaskipting var einnig aukin sem stuðlaði að meiri ró og betra flæði í starfinu.

Á starfsárinu var unnið að innleiðingu nýrra stefna eins og Reggio Emilia, uppeldisfræðilegra skráninga, Barnasáttmálans og TMT. Breytingar voru gerðar á námsumhverfi og leikefniviði til að styðja betur við sjálfstæði, sköpun og hlutverk umhverfisins sem „þriðja kennarans“. Innleiðing uppeldisfræðilegra skráninga og áherslur Barnasáttmálans hafa gengið sérstaklega vel, meðal annars með aukinni þátttöku og áhrifum barna í daglegu starfi.

#### Tækifæri

Áhersla verður lögð á að halda áfram að innleiða nýjar stefnur í starfinu, dýpka þekkingu starfsfólks og auka færni í að vinna markvisst eftir þeim. Einnig verður unnið að því að festa TMT betur í sessi í daglegu starfi leikskólans. Lögð verður aukin áhersla á markvissar og gæðamiklar samverustundir þar sem vandað verður val á lögum og bókum og unnið lengur með sama efnið. Markorð verða valin fyrirfram til að leggja sérstaka áherslu á og samræðulestur nýttur til að efla málþroska barnanna. Börnunum verður skipt upp eftir þörfum til að skapa betri aðstæður fyrir þátttöku og





samverustundum gefinn meiri tími svo þær verði skipulagður og mikilvægur hluti dagsins. Þá verður lögð áhersla á markvissari málörvun í daglegu starfi með aukinni meðvitund um málörvun í öllum aðstæðum og stuðst við aðferðina „Gefðu 10“. Jafnframt verður unnið að meira hæglæti og ró í ákveðnum aðstæðum dagsins, svo sem í fataklefa og við bleyjuskipti, til að skapa betri samskipti og notalegra andrúmsloft fyrir börnin.

### 11.3 Innra mat Hálsaskógar 2025-2026

#### Styrkleikar

Helstu styrkleikar deildarinnar á skólaárinu 2025–2026 voru góður starfsandi, fagleg og markviss vinna með börnunum og jákvætt samstarf starfsfólks og foreldra. Starfsfólk sýndi ábyrgð, frumkvæði og sveigjanleika í daglegu starfi og skapaði öruggt og stöðugt umhverfi fyrir fjölbreyttan barnahóp. Unnið var markvisst með verkefni eins og Leikur að læra, Lubba, Blæ, málörvun, lestur, listasmiðju og skapandi starf sem studdi vel við málþroska, félagsfærni og sköpun barna. Kennara lögðu áherslu á fjölbreytt og skapandi námsumhverfi þar sem börnin fengu tækifæri til að leika, rannsaka og uppgötva í gegnum fjölbreyttan efnivið og verkefni. Þá gekk vel að styðja börn af erlendum uppruna og börn með sérþarfir með markvissri samvinnu og stuðningi.

#### Tækifæri

Tækifæri til áframhaldandi þróunar felast í að bæta skipulag og styrkja sameiginlega sýn og starfshætti á deildinni. Áhersla verður lögð á að efla málþroska og samskiptafærni barna með markvissri málörvun í daglegu starfi, meðal annars í gegnum samverustundir, sögulestur, opnar spurningar, myndrænan stuðning og hópastarf. Einnig verður unnið markvisst að því að efla félagsfærni og tilfinningaþroska barna með því að kenna þeim að þekkja, nefna og tjá tilfinningar sínar á viðeigandi hátt, meðal annars með tilfinningaspjöldum, bókum, hlutverkaleikjum og leiðsögn í samskiptum og ágreiningi. Samhliða þessu verður áfram unnið með Reggio Emilia nálgunina og Barnasáttmálann gerðan sýnilegri í daglegu starfi með áherslu á lýðræði, virðingu, réttindi barna og þátttöku þeirra í ákvörðunum og samskiptum. Þá felast einnig tækifæri í að auka áherslu á tónlist og hljóð í daglegu starfi til að styðja enn frekar við tjáningu, sköpun og vellíðan barnanna.

### 11.4 Innra mat Sjónarhóls 2025-2026

#### Styrkleikar

Í upphafi annar barst deildinni hæfnilisti frá eldri deild með tilteknum hæfniviðmiðum. Skipulögð kennsla og markviss vinnubrögð á tímabilinu tryggðu að þeim markmiðum var náð að fullu, eða svo gott sem. Rík áhersla hefur verið lögð á sjálfstæði og lýðræðisleg vinnubrögð inn á deildinni; með því að valdefla börnin og virkja raddir þeirra verða þau ekki einungis þátttakendur heldur virkir meðhöfundar að eigin námi. Hópastarf hefur jafnframt verið ákaflega öflugt og markvisst, þrátt fyrir talsverðar og tíðar starfsmannabreytingar á tímabilinu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma vel fram við alla og sýna jafnt öðrum sem sjálfum sér ríka virðingu, sem hefur skilað sér í greinilegum og augljósum framförum í leik, almennri hegðun og málfari barnanna. Þá hefur samstarf við tengilið fjölmennningar verið til fyrirmyndar, en skipulögð vinna með





hóp tvítyngda barna hefur skilað sýnilegum og dýrmætum árangri í máltöku. Að lokum hefur verið unnið markvisst með sjálfsöryggi barnanna, meðal annars með því að hvetja þau til að tjá þarfir sínar og spyrja sjálf eftir aðstoð þegar við á.

#### Tækifæri

Við sjáum við rík tækifæri í því að efla starfsfólk enn frekar í uppeldisfræðilegum skráningum og kerfisbundinni ígrundun á eigin starfi, ásamt því að auka valdeflingu innan hópsins með skýrari verkaskiptingu við undirbúning verkefna. Með því að skerpa enn frekar á skipulagi daglegs starfs og hönnun vettvangsferða má tryggja markvissara flæði og dýpri námsupplifun fyrir barnahópinn.

### 11.5 Innra mat Kattholts 2025-2026

#### Styrkleikar

Helstu styrkleikar deildarinnar felast í góðu skipulagi, markvissu starfi og sterkri samvinnu milli barna og starfsfólks. Sjónrænt skipulag, skýrar rútnur og stöðugt hópastarf hafa stuðlað að öryggi og vellíðan barnanna. Áhersla hefur verið lögð á lýðræði og þátttöku barna þar sem þau hafa fengið að hafa áhrif á skipulag deildarinnar og daglegt starf í anda Barnasáttmálans. Barnahópurinn hefur sýnt miklar framfarir í samskiptum og hegðun gagnvart hvert öðru og lögð hefur verið rík áhersla á virðingu, vináttu og jákvæð samskipti. Starfið hefur verið fjölbreytt og skapandi með verkefnum eins og Lubba, Blæ, Leikur að læra, listasmiðju, tónlist og málörvun, auk þess sem mikið hefur verið lagt upp úr uppbroti og fjölbreyttum ferðum í nærumhverfið og á söfn og fræðslustaði. Starfsmannahópurinn hefur verið fjölbreyttur, samstilltur og nýtt styrkleika sína vel í daglegu starfi, sem hefur skapað jákvætt og faglegt starfsumhverfi fyrir bæði börn og starfsfólk.

#### Tækifæri

Tækifæri til umbóta felast meðal annars í að efla uppeldisfræðilegar skráningar á deildinni og auka öryggi starfsfólks í gerð þeirra og notkun í daglegu starfi. Áhersla verður lögð á áframhaldandi fræðslu, samtal og stuðning þar sem starfsfólk fær tækifæri til að prófa sig áfram og þróa færni sína í skráningum. Einnig verður unnið markvisst að því að efla lýðræðislegt starf og auka þátttöku barna í skipulagi og ákvarðanatöku á deildinni. Börnin munu taka þátt í gerð deildarnámsskrár þar sem þau fá tækifæri til að segja frá áhuga sínum, hugmyndum og markmiðum fyrir skólaárið í gegnum umræðuhópa og viðtöl. Námskráin verður síðan gerð sýnileg og aðgengileg fyrir börnin svo þau geti fylgst með verkefnum sínum og markmiðum yfir veturinn. Með þessu er stefnt að því að styrkja rödd barna í starfinu, efla þátttöku þeirra og skapa sameiginlega sýn innan deildarinnar.

### 11.6 Innra mat Kardemommubæjar 2025-2026

#### Styrkleikar

Styrkleikar deildarinnar eru þeir að mjög fjölbreytt starf er á deildinni. Tónlist, listasmiðja, stærðfræði, bókstafakennsla, íþróttir/fimleikar, sundkennsla í vordögum, útivera og ferðir út fyrir leikskólann hafa einkennt þetta skólaár. Undirbúningur barna fyrir grunnskóla er góður og





foreldrahópurinn mjög ánægður með það. Þegar horft er til styrkleika kennara eru þeir mjög mismunandi og allir kennarar vinna verkefni með börnunum þar sem þeirra áhugasvið og styrkleikar liggja. Kennarar eru sammála um að það er góð samvinna milli kennara innan deildarinnar ásamt góðri stemming í starfsmannahópnum. Barnahópurinn er frábær og börnin mjög áhugasöm að læra bókstafina, að vera í stærðfræði, frjálsi leikurinn hefur líka spilað stóran sess í starfinu, deildin er vel skreytt af listaverkum barnanna og sönggleðin leynir sér ekki svo gott jafnværi er á milli þessara þátta ásamt reglulegri hreyfingu og útiveru. Skýrt dagskipulag gerði það að verkum að börnin vissu hvað dagurinn bar í skauti sér og dagarnir gengu mjög vel í kjölfar þess. Skipulagt starf féll ekki niður þar sem starfsmenn eru mjög opnir og tilbúnir að ganga í flest störf.

Á vorönn bjó deildarstjóri til kennsluáætlun með mikilvægum dagsetningum og því sem var framundan. Kennarar í stærðfræði, bókstafainnlögn, listasmiðju og tónlist fylltu út kennsluáætlun fyrir sín fög og þannig gekk starfið mjög vel og deildin náði að framkvæma flest verkefni sem voru á kennsluáætluninni. Starfsmenn töluðu um að það væri gott að fylla út í kennsluáætlanir og skipulegga sitt starf á þann hátt því þá féllu þeir síður í þá gryfju að festast í því sama.

### Tækifæri

Hátt menntunarstig er á deildinni og starfsmenn í miklum undirbúning og starfsmenn sáu tækifæri í að nýta undirbúninginn betur til að undirbúa sitt starf og deildarinn enn betur. Þau eru komin á mjög góða leið en skipulag fyrir skólahóp skiptir miklu máli og allir kennarar fá mikinn undirbúning og eru komnir á gott skrið en voru sammála um að nýta tímann í undirbúning til að undirbúa sín hlutverk inni á deild og að framkvæma skráningar.

## 11.7 Umbótaáætlun yngri og eldri deilda 2026-2027

Deild/aldur barna	Yngri (Múmíndalur, Undraland og Hálsaskógur) 1-3 ára
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Uppeldis- og menntastarf – málþroski, samskipti og þátttaka barna
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að efla málþroska, samskiptafærni og þátttöku barna í daglegu starfi með markvissri málörvun, gæðamiklum samverustundum, aukinni notkun myndræns stuðnings og auknu rými fyrir sköpun, skynjun og tjáningu barna
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innleiða markvissar lestrar- og samverustundir</li> <li>• Nýta gefðu 10, myndrænan stuðning og auka notkun opinna spurninga</li> <li>• Þjóða börnum reglulega upp á listasmiðjur, skynjunarleiki og fjölbreyttan efnivið</li> <li>• Gera barnasáttmálann sýnilegri og efla þátttöku barna í ákvörðunum sem varða daglegt starf</li> </ul>





<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar í samvinnu við starfsfólk yngri deilda
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – Maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Umræður á deildarfundum 1x í mánuði og starfsfólk fyllir út rafrænar kannanir sem eru sendar 2x á hvorri önn fyrir sig.
<b>Viðmið um árangur</b>	Markviss málörvun, sköpun og skynjunarstarf eru sýnileg í daglegu starfi deildanna. Börn taka virkan þátt í samverustundum, tjá sig á fjölbreyttan hátt og fá tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leik, samskipti og skapandi starf. Námsferli barnanna endurspeglast í skráningum og daglegu starfi deildanna.

Deild/aldur barna	Eldri (Sjónarhóll, Kattholt og Kardemommubær) 3-6 ára
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Uppeldis- og mennastarf – lýðræði barna, uppeldisfræðilegar skráningar og markviss námsframvinda.
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að efla þáttöku barna í skipulagi og mati á eigin námi, styrkja uppeldisfræðilegar skráningar og auka markvissa ígrundun á námi og starfi. Jafnframt að efla sjálfsstæði, lýðræðislega þáttöku og sýnileika námsferla barna.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla færni starfsfólks í uppeldisfræðilegum skráningum og nýtingu þeirra í skipulagi starfsins</li> <li>Koma á reglulegum barnafundum og umræðuhópum þar sem börn hafa áhrif á verkefni og skipulag</li> <li>Virkja börn í gerð deildarnámskrár og sýnilegri markmiðasetningu</li> <li>Nýta skráningar, ljósmyndir og verkefnamöppur til þess að gera nám barna sýnilegt.</li> <li>Styrkja samstarf starfsfólks um skipulag, ígrundun og undirbúning náms.</li> </ul>
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar í samvinnu við starfsfólk eldri deilda.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 – Maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Umræður á deildarfundum 1x í mánuði og starfsfólk fyllir út rafrænar kannanir sem eru sendar 2x á hvorri önn fyrir sig.





**Viðmið um árangur**

Börn taka virkan þátt í ákvarðanatöku um nám sitt og starf deildarinnar. Uppeldisfræðilegar skráningar eru reglulegur og sýnilegur hluti af starfinu og nýttar markvisst vip skipulag, mat og ígrundun. Nám barna er sýnilegt í umhverfi leikskólans og amk 80% starfsfólks telur sig öruggt í notkun skráninga og lýðræðislegra starfshátta.



F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





## 11.8 Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

- Harpa Sif Gísladóttir
- Ari Hrannar Björnsson

Starfsáætlun leikskólans er skýrt framsett og markmið fyrir komandi ár vel afmörkuð. Helstu áherslur áætlunarinnar eru í góðu samræmi við það starf og þann metnað sem einkennt hefur leikskólann á undanförunum árum.

Í starfsáætluninni koma fram nýjar áherslur tengdar Reggio Emilia hugmyndafræðinni og er vel útskýrt hvernig fyrirhugað er að innleiða þær í daglegt starf leikskólans. Einnig er gerð grein fyrir eftirfylgni og framkvæmd einstakra áherslupátta meðal annars í tengslum við að styðja við tákni með tali og fjölmenningu í leikskólastarfinu.

Starfsáætlunin er aðgengileg og auðlesanleg. Uppsetning hennar, þar sem efni er meðal annars skipt niður eftir deildum leikskólans eykur skýrleika og gerir foreldrum auðvelt að nálgast upplýsingar sem varða þeirra barn. Þetta veitir foreldrum góða innsýn í starfið.

Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina og lýsir ánægju sinni með hana. Ráðið hlakkar til komandi skólaárs og þeirra áherslna sem þar koma fram.

### **Fyrir hönd foreldraráðs:**

*Harpa Sif Gísladóttir*

*Ari Hrannar Björnsson*



